



Ný aðstaða Golfklúbbs Selfoss vígð



Karlakór Rangæinga þrítugur



## Fólkið á vaktinni

Lægðagangurinn sem gengið hefur yfir landið að undanförunu hefur reynt á þanþol samfélagsins á Suðurlandi, sem víðar. Viðbragðsaðilar hafa staðið í ströngu, bæði við hefðbundin óveðursútköll svo og gríðarstórt, vandasamt útkall uppi við Langjökul í snælduvitlausu veðri svo

eitthvað sé nefnt. Þrátt fyrir allt hafa innviðir okkar haldið og styrkur kerfisins komið vel í ljós. Samtakamátturinn er mikill þegar allir leggjast á eitt. Það eru líkur á að Sunnlendingar hugsi með hlýju til þeirra sem staðið hafa í ströngu við að halda hjólum samfélagsins gangandi,

hvort sem það felst í því að ryðja vegi, skola seltu af raflínunum eða gera við ásamt þeim sem tilbúnir eru alla daga að aðstoða fólk í neyð. Hér með er þökkum komið á framfæri til þeirra sem standa vaktina. -gpp

## 145 HSK-met sett á síðasta ári

Líkt og undanfarin ár voru Lmetaskrár HSK í fjálsífróttum uppfærðar í öllum flokkum frá 11 ára aldri, bæði innan- og utanhúss. Einnig var afrekaskrá fyrir fatlaða uppfærð.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja voru samtals 145 HSK-met sett á síðasta ári. Fatlaðir settu fimm met, keppendur 11 – 22 ára settu 79 met, keppendur í karla- og kvennaflokkum settu fjögur met og keppendur í öldungaflokkum settu 57 met. Nokkur þessara meta eru einnig landsmet í viðkomandi flokki.

Dagur Fannar Einarsson Selfossi, keppandi í 16-17 ára flokki, setti flest HSK-met á árinu. Hann setti 21 einstaklings HSK-met og setti auk þess átta boðhlaupsmet með félögum sínum, eða samtals 29 met. Sindri Freyr Seim Sigurðsson úr Umf. Heklu, sem einnig keppir í 16-17 ára flokki, kom næstur með samtals 13 met.

Álfrún Diljá Kristínardóttir keppandi Selfoss í 13 ára flokki var svo með 11 HSK-met. Hún setti flest landsmet HSK-keppenda á árinu, eða fimm talsins.

Ólafur Guðmundsson Selfossi setti flest HSK-met í öldungaflokkum, en hann setti



Dagur Fannar setti hvorki meira né minna en 29 HSK met á síðasta ári.

16 met á árinu í flokki 50 - 54 ára. Næstir komu frændurnir úr Þjótanda, þeir Sigmundur Stefánsson og Jón M. Ívarsson, en þeir settu báðir átta HSK-met í flokki 70 - 74 ára.


Ólafía Ósk Svanbergsdóttir Suðra var sú eina sem setti HSK-met í flokkum fatlaðra á árinu, en hún setti fimm HSK-met í flokki F 35-38.

HSK-metaskrár, þar sem einnig má sjá yfirlit allra HSK-meta sem sett voru á síðasta ári, má nálgast á vef HSK, www.hsk.is.

**Brrr...**  
Það er farið að kólna.  
Nú er rétti tíminn til að yfirfara og stilla hitakerfi og snjóbræðslur fyrir veturinn.

**PÍPULAGNIR HELGA** snögg og góð þjónusta

Selfossi - S. 699 | 985 / 823 6656



**TOYOTA**

ALWAYS A BETTER WAY

**HYBRID**

Framúrskarandi þjónusta við Toyota eigendur á Suðurlandi.

Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotaselfossi.is

ÍPRÓTTAHÚSIÐ VALLASKÓLA 25. JANÚAR



# SELFOSS

## ÞORRABLÓT 2020

HUGINN · HLJÓMSVEITIN DANS Á RÓSUM · SAGA GARDARS  
SIGURJÓN FRÁ SKOLLAGRÖF · LEYNIATRÍÐI · GÖMLU DANSARNIR  
LÉTTISVEITIN RÓFUSTAPPA · FJÓLDASÖNGUR · HAPPRÆTTI  
BRENNIVÍN'S "SNAPSINN" OG FLEIRA OG FLEIRA

VEISLUSTJÓRI MAGGI PERAN

MATSEÐILL, HEFDBUNDIN ÞORRAMATUR OG LAMBASTEIK FRÁ VEISLUN JÓNUSTU HVIÐAHÚSINS  
Matsala hefur 8. janúar og stendur til 24. janúar í Galleri Ózma Selfossi. Miðaverðið á blot og ball er 7.400 kr. en sérstakt  
forsala tilboð verður frá 8. til 15. janúar að tilfalli 7.200 kr. En miðaverðið á blotið er 3.000 kr. Matari upplýsingar má finna á  
Facebooksíðum "Selfossþorrablot" og í síma 4 800 100 - Bóka skemmtin!





**DFS TV má finna inni á DFS.is, fréttavef Dagskrárinnar.**

Þar má finna sjónvarpsviðtöl við áhugaverða Sunnlendinga ásamt stuttum myndbrotum úr sunnlensku samfélagi.

## Hrós vikunnar

**Katrín Þrastardóttir**  
er hrósari vikunnar að þessu sinni:

**Katrín Þrastardóttir**


Mig langar að hrósa Ungmennafélagi Selfoss fyrir frábært starf í kringum hátíðirnar. UMFS aðstoðar jólasveinana mikið á adventunni en það er löngu orðinn fastur liður hjá bæjarbúum að taka á móti sveinkunum þegar þeir koma á rútnunni yfir brúna og hefur ungmennafélagið séð um þann viðburð. UMFS er síðan sveinkunum innan handar á aðfangadagsmorgun en þá er ansi mikið að gera hjá þeim körlunum. Að lokum hefur UMFS í samstarfi við Björgunarfélag Árborgar staðið að frábærri þrettándagleði. Takk Ungmennafélag Selfossi fyrir frábæra viðburði!

**Katrín Þrastardóttir**

Ég skora á föður minn, Þröst Hafsteinsson að koma með hrós vikunnar.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Þröstur, sendu okkur hrósið á netfangið dagskrain@prentmet.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



## Listasýning í upphafi árs

Árið og önnin byrja með Áhveli í myndlistardeildinni en tekin hefur verið upp sú nýbreytni að setja upp sýningu í opinberu sýningarrými utan skólans og eru það nemendur í framhaldsáföngum sem fá þjálfun í uppsetningu og kynningu á eigin verkum. Það eru nemendur í módeláfanga á þriðja þrepi sem ríða á vaðið og sýna í Listagjanni á Bókasafni Árborgar 10. - 30. janúar.

Verkin eru unnin á haustönn 2019, þar sem fengist var við teikningu og túlkun mannlíkamans. Verkin eru unnin út frá skissum af lifandi módeli þar sem staðan var frá litlum 2 mínútum yfir í 1 klukkustund. Um er að ræða allt frá vönduðum teikningum yfir í krot og blindteikningar. Þurfti að nota mismunandi aðferðir undir áhrifum frá listasögunni, ýmsum tímabilum og landsvæðum. Við hvetjum ykkur til að kíkja í Listagjána í janúar. Meðfylgjandi mynd er hluti af þessari sýningu.




## Trjágreinar til vandræða við snjómokstur

Ítilkynningu frá Sveitarfélaginu Árborg kemur fram að bréf hafi verið sent á íbúa vegna runna og trjáa sem standa út fyrir lóðarmörk í október sl. Hluti íbúa hefur brugðist við bréfinu og klippt gróðurinn til. Einhverjir hafa þó ekki hlýtt fyrir mælum og mega eiga von á því að starfsmenn bæjarinnar klippi trén á kostnað íbúa. Ástæða þess er að nú hafa orðið skemmdir hafa á þeim tækjum sem sinna snjómokstri innan sveitarfélagsins vegna þess að tré og runnar standa of langt út frá lóðarmörkum. Það gerir tækjum erftit fyrir að sinna mokstri svo vel sé. Í

tilkynningunni segir m.a. „Hafa þarf í huga við grisjun og klippingar að greinar svigna nokkuð undan snjónum. Gera þarf ráð fyrir því að greinar geti sigið niður fyrir hæðarmörk þegar snjór sest á þær. Til þess að greiða fyrir umferð akandi, gangandi eða hjólandi og auka öryggi vegfarenda þarf gatnaumhverfið að vera nokkuð „klippi og skorið“ og svæði yfir götum, gangstéttum og stígum laust við greinar frá trjá- og runnagróðri. Gróður getur skyggt á umferðarmerkingar og götulýsingu, slegist í vegfarendur eða valdið öðrum óþægindum eða hættu.“ -gpp

## Stikla frá Tónlistarskóla Árnesinga

Það hefur löngum verið haft að orði að börn hefðu gott af því að læra á hljóðfæri. Okkur sem lifum og hræmst í heimi tónlistarinnar, þykir ekkert sjálf-sagðara en að njóta, flytja og miðla tónlist til næstu kynslóðar. Úr heimi vísindanna berst okkur núna staðfesting á ágæti tónlistarnáms. Nýlegar rannsóknir á áhrifum tónlistariðkunar á heilastarfsemi barna leiða í ljós að regluleg tónlistariðkun hafi mælanleg áhrif á greind, auki hjálpsæmi, minnki árársarhneigð, bæti málþroska og hjálpi lesblindum. Í rannsóknunum á háskólanemum kom í ljós að þeir sem stundað höfðu tónlistarnám sem börn, bjuggu enn að því á háskólaárunum. Rannsóknir á áhrifum tónlistar til þjálfunar og efnurhæfingar vegna heilásjúkdóma eða -áfalla sýna líka fram á hve öflugt tæki söngur og önnur tónlistariðkun er til þjálfunar og aukinna lífsgæða. Með þetta góða veganesti höldum við inn í nýtt ár.



flautuleikurum og fjórum slagverksleikurum) þátt í fernum jólatónleikum með Sinfóníu-hljómsveit Íslands í Hörpu. Þetta var mikið ævintýri og mjög spennandi verkefni að takast á við. Hópurinn stóð sig afskaplega vel og fékk hann mikið hrós fyrir frammistöðuna, fallegan leik og sviðsframkomu.

Þann 18. desember hélt eldri strengjasveit undir stjórn Guð-

mundar Kristmundssonar, árlega kertatónleika í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Það skapast alltaf skemmtileg stemning á þessum tónleikum þar sem leikið er við kertaljós og aðrar tísur. Strengjasveitin fékk með sér góða gesti í ár, því söngnemendur sungu og Kristín Viðja Vernharðsdóttir lék á blokkflautu. Hvort tveggja mjög gott krydd á yndislega tónleika. Við þökkum Ingu á Listasafninu fyrir að taka svo vel á móti okkur.

Það er alltaf spennandi að hefja nýtt ár með fjölda viðburða. Janúar verður nýttur til að undirbúa Dag tónlistarskólanna 8. febrúar, en tónleikahald dagsins verður kynnt á heimasíðu skólans [www.tonar.is](http://www.tonar.is), þegar nær dregur.

Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri.





Sævar Gunnarsson.



Eva Sigríður Jakobsdóttir.

## Lausnarorð myndagátunnar og vinningshafar

Myndagátan vekur ávallt mikla lukku en fjölmargir sendu inn vinningstillögur. Úr tillögunum hefur nú verið dregið og vinningshafar hafa fengið verðlaun sín afhent. Fyrir fullorðinsgátuna var það Sævar Gunnarsson, Ölfusi sem hreppti að launum glæsilegt gjafabréf frá Kjörís. Fyrir barnagátuna var það Eva Sigríður Jakobsdóttir, Selfossi, sem hlaut að launum glæsilegt gjafabréf frá Kjörís. Það er svo Eygló Gränz sem útbýr gátunna á hverju ári og kunnum við henni allra bestu þakkir fyrir það.

### Lausn fullorðinsgátunnar

Ekki voru þær til sóma Íslendingum fréttirnar af græðgi Samherja í Namibíu og á þjóðin eflaust eftir að súpa seyðið af þeim gjörningum. Túrhestum fækkaði eftir fall flugfélags og atvinnuleysi jókst, við verðum samt að líta björtum augum til framtíðarinnar.

### Lausn barnagátunnar

Ljósið á Ingólfsfjalli bendir til þess að jólasveinar búa þar og að Gryla er bara heima og hætt að borða börn.



## Jazzkvartettinn Astra á Hendur í höfn

Laugardagskvöldið 18. janúar kemur norsk-íslenski jazzkvartettinn Astra fram á Hendur í höfn í Þorlákshöfn. Astra skipa saxófónleikarinn Sigurður Flosason, gítarleikarinn Andrés Þór, kontrabassaleikarinn Andreas Dreier og trommuleikarinn Anders Thor-

en. Allir hafa þeir mikla og fjölbreytta reynslu bæði frá heimalöndum sínum sem og alþjóðlega. Astra vinnur þessa dagana að upptöku á nýrri hljómplötu en hún inniheldur tónlist eftir alla meðlimi hljómsveitarinnar. Nánari upplýsingar eru á Facebook-síðu Hendur í höfn.



Þorrlót í Þingborg

1. febrúar

Hljómsveitin Meginstreymi leikur fyrir dansi

Miðapantanir fyrir 27. janúar í síma 867-3538 eða á netfangið [thorrlotthingborg@gmail.com](mailto:thorrlotthingborg@gmail.com)

Allar nánari upplýsingar á [facebook.com/thorrlotthingborg](https://www.facebook.com/thorrlotthingborg)

## KARLSPJALL | KARLAR OG KRABBAMEIN

Rabbfundur fyrir karla með Sigurði Böðvarssyni Krabbameinslækni verður þriðjudaginn 28. janúar kl. 18:00 í húsnæði Rauða krossins að Eyravegi 23 á Selfossi. Sigurður fjallar um einkenni, greiningu og meðferð við krabbamein- um hjá körlum auk þess sem Sigurður leitast við að svara þeim spurningum sem menn kunna að hafa.

Kaffi á könnunni, kruðerí og góður félagsskapur.

Opið og frítt fyrir alla karla!



## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Hrunamannahreppi og Flóahreppi



### Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst eftirfarandi aðalskipulagsbreyting:

#### 1. Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Hrafnaklettur úr landi Súluholts.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti þann 5. nóvember 2019 að auglýsa tillögu/uppdrátt og greinargerð, að breytingu á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, vegna breytingar á landnotkun í Hrafnaklettum. Breytingin felst í að landspildan Hrafnaklettur, L166387, 2 ha að stærð, verður breytt úr frístundasvæði (F44) í landbúnaðarland. Samhliða aðalskipulagsbreytingunni er auglýst deiliskipulagstillaga fyrir svæðið.

### Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt eftirfarandi deiliskipulagstillaga:

#### 2. Kynning á deiliskipulagi fyrir Fjallaskála/fjallasel í Leppistungum á Hrunamannafrétti.

Deiliskipulagið tekur til um 5 ha svæðis. Á staðnum er 70 m<sup>2</sup> hús sem byggt var árið 1987 og 55 m<sup>2</sup> hús sem byggt var árið 2007. Einnig er þar gamalt leitarannahús. Þessi hús eru notuð sem leitarannahús og fyrir ferðafólk á sumrin. Einnig er á staðnum 36 m<sup>2</sup> hesthús og hestagerði við það. Gisting er fyrir um 24 gesti. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannafrétt. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps. Starfsemi er aðallega yfir sumartímann. Innan lóðar/afmörkunarsvæðis eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból. Heimilt verður að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m<sup>2</sup> eða byggja nýtt hús. Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m<sup>2</sup>. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst eftirfarandi deiliskipulagstillaga:

#### 3. Deiliskipulag. Hrafnaklettur. Bygging íbúðarhúsa og skemmu. Flóahreppi

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti þann 1. október 2019 tillögu að deiliskipulagi á um 2 ha svæðis í Hrafnaklettum úr landi Súluholts. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir byggingu íbúðarhúsa og skemmu á tveimur byggingarreitum. Innan byggingareits B1 er heimilt að byggja allt að 150 m<sup>2</sup> íbúðarhús og allt að 300 m<sup>2</sup> skemmu. Innan byggingarreits B2 er núverandi frístundahús, sem verður gert að íbúðarhúsi og það stækkað í allt að 80 m<sup>2</sup>. Aðkoma að Hrafnaklettum er af Öndurharholtsvegi (nr. 311) og núverandi aðkomuvegi að landinu.

Niðurstaða sveitarstjórnar auglýst skv. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

#### Vatnsleysa land B L188581. Bláskógabyggð. Breytt notkun lands innan frístundasvæðis F67. Aðalskipulagsbreyting.

Lögð fram umsögn umhverfisstofnunar 27.9.2019 til afgreiðslu og umfjöllunar. Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að land það sem breyta á í landbúnaðarland, njóti sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

#### Bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar 12. desember 2019:

Sveitarstjórn áréttar að uppbygging á svæðinu mun einungis ná yfir svæði sem er afmarkað sem byggingarreitur. Ekki verður um framkvæmdir að ræða á vesturhluta svæðis þar sem um er að ræða birkikjarr sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gerð hefur verið breyting á greinargerð tillögunnar, þar sem ofangreint er áréttað. Helgi Kjartansson vék af fundi við afgreiðslu málsins og Valgerður Sævarsdóttir, varaoddviti tók við stjórn fundarinnar.

#### Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Ofangreindar skipulagslýsingar/skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni [www.utu.is](http://www.utu.is). Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is); [www.fludir.is](http://www.fludir.is); [www.blaskogabyggd.is](http://www.blaskogabyggd.is).

Skipulagstillaga nr. 2 er í kynningu frá 15. janúar til 5. febrúar 2020, en tillögur nr. 1 og 3 eru í auglýsingu frá 15. janúar til 28. febrúar 2020. Athugasemdir og ábendingar við tillögu nr. 2 þurfa að berast skipulagsfulltrúa eigi síðar en 5. febrúar 2020, en fyrir tillögur nr. 1 og 3 eigi síðar en 28. febrúar 2020.

Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Rúnar Guðmundsson, skipulagsfulltrúi, [runar@utu.is](mailto:runar@utu.is)



**Búslóðaflutningar og vörudreifing**  
**Sendibílar Suðurland 820 3880, Tómas**

+

Alúðarpakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur hjartahlýju og einstakan stuðning við fráfall og útför okkar ástkæra

**Porsteins Ágústssonar,**  
bónda á Syðra-Velli

**Margrét Jónsdóttir**  
**Ingveldur Þorsteinsdóttir**  
**Jón Gunnþór Þorsteinsson**

**Andrés M. Haraldsson**  
**Ágúst Þorsteinsson**

+

Elskulegur eiginmaður, faðir okkar, sonur, bróðir og mágur,

**Marek Kuc,**  
Heiðmörk 1, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi þann 30.12.2019. Útförin fer fram frá Selfoskirkju föstudaginn 17. janúar kl. 11. Sérstakar þakkir færur við göngudeild og krabbameinslækni á Selfossi.

Uroczustosc pogrzebowa odbędzie sie w koscielu w Selfoskirkja 17. styczen o godz. 11.

**Eiginkona og synir,**  
**Dorota, Kacper og Sebastian.**

<p><b>Andrzej Kuc</b> <b>Waldemar Kuc</b> <b>Janusz Kuc</b> <b>Lukasz Kuc</b> <b>Daniel Kuc</b> <b>Marzena Bielak</b> <b>Tomasz Kuc</b> <b>Malgorzata Kuc</b> <b>Mateusz Kuc</b> <b>Anna Kuc</b> <b>Damian Kuc</b> <b>Beata Jónsdóttir</b> <b>Rafal Zolich</b> <b>Agnieszka og Miroslaw Pawlak</b> <b>Dagmara Zolich</b></p>	<p><b>Malwina Kuc</b> <b>Marzena Kuc</b> <b>Sindija Tabaka</b> <b>Rósa Kuc Jóhannsdóttir</b> <b>Damian Bielak</b> <b>Joanna Folta</b> <b>Krzysztof Graczyk</b> <b>Paulina Kuc</b> <b>Patryk Malysa</b> <b>Gabriela Kierepka</b> <b>Elwira Wienckowska</b> <b>Pawel Szymyla</b></p>
--	--

og börn.

## Grunnskólinn í Hveragerði fær nýtt merki



**GRUNNSKÓLINN Í HVERAGERÐI**  
VISKA VIRÐING VINÁTTA

Grunnskólinn í Hveragerði hefur tekið upp nýtt merki og sem fyrr er það byggt á einkunnarorðum skólans en þau eru Viska – Virðing – Vinátta.

Visku og þekkingar aflar maður sér með því að takast á við lífið, hvort heldur er í leik eða starfi. Í skólanum vex kunnátta og leikni nemenda. Með visku að vopni erum við betur í stakk búin til þess að takast á við verkefni nútíðar og framtíðar. Virðing endurspeglar í þeirri kurteisi sem við sýnum hvert öðru. Hvernig við tölum við annað fólk, hvernig við tölum um það og hvernig við förum með eigin okkar og annarra. Við virðum skoðanir annarra og tókum tillit til ólíkra þarfa, aðstæðna, langana og væntinga til hvers og eins. Vinátta er mikilvægur þáttur þess að fólki upplifi lífshamingju og líði vel í leik og starfi. Hún er einn af hornsteinum daglegra samskipta og undirstaða vellíðanar og framfara.

Hönnuður merkisins er Hrund Guðmundsdóttir.

# 82%

Sunnlendinga  
lesa Dagskrána  
í hverri viku

**Auglýsingasíminn er**  
**482 1944**

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

## Sunnlenski matgæðingurinn

Ég þakka Fanneyju, vinkonu minni innilega fyrir skemmtilega áskorun sem ég tek fagnandi. Ég er meðal áhugamanneskja um eldamennsku en flestur matur þykir mér góður. Ég er mikið fyrir hinar og þessar súpur og finnst gaman að gera þær frá grunni og ætla því að deila með ykkur tómatsúpu sem er bæði góð og einföld, uppskrifin er af ljufmeti.com.



Assa Ágústsdóttir.

### Tómatsúpa

#### Hráefni:

½ bolli ólívuólía  
4 stórar gulrætur, afhýddar og skornar í teninga  
1 stór laukur, sneiddur  
1 msk. þurrkuð basilika  
3 dósir heilir tómatar  
1 lítri vatn  
2 kjúklingateningar  
½ lítri rjómi  
salt og pipar

#### Aðferð:

Hitið ólívuólíuna yfir miðlungshita í rúmgóðum potti. Setjið gulrætur og lauk í pottinn og eldið þar til byrjar að mýkjast, um 10 mínútur, bætið þá basiliku saman við og eldið þar til grænmetið er orðið alveg mjúkt, eða um 5 mínútur til viðbótar. Bætið tómatsúpunum, vatni og kjúklingateningum í pottinn og látið sjóða við vægan hita í 20-30 mínútur, eða upp í 45 mínútur ef þú hefur tíma. Setjið súpuna því næst í matvinnsluvél eða setjið töfrasprota í pottinn og maukið súpuna. Bætið rjómanum saman við og hitið aftur. Smakkið til með salti og pipar.

Einnig ætla ég að deila með ykkur frábærri uppskrift að skyrköku frá Evu Laufeyju vinkonu minni sem er afar einföld og hættulega bragðgóð.

### Piparkökuskyrkaka með saltaðri karamellusósu

#### Hráefni:

400 g piparkökur  
100 g smjör, brætt  
500 g vanilluskur  
400 ml rjómi, þeyttur  
2 msk. flórsykur  
1 vanillustöng (ég notaði 1 tsk. vanilludropa)

#### Aðferð:

Bræðið smjör í potti og setjið

piparkökurnar í matvinnsluvél og myljið fint, þið getið líka notað kökukefli í verkið.

Hellið smjörinu saman við piparkökublönduna og blandið vel saman.

Hellið blöndunni í kökumót og þrýstið blöndunni í formið og upp með köntunum á forminu. Kælið á meðan þið útbúið fyllinguna.

Þeytið rjóma, blandið skyrinu varlega saman við og sigtið flórsykur út í.

Skerið vanillustöng í tvennt eftir endilöngu og skafið frá einn innan úr henni, bætið þeim út í skyrfyllinguna og hrærið öllu vel saman.

Hellið fyllingunni ofan á piparkökubotninn og kælið, best er að kæla kökuna í 3-4 klst. eða yfir nótt.

### Söltuð karamellusósa

#### Hráefni:

150 g sykur  
4 msk. smjör  
1 dl rjómi  
sjávarsalt á hnífsoddi

#### Aðferð:

Bræðið sykur á pönnu við vægan hita, best að hafa alls ekki háan hita og fara hægt af stað.

Takið pönnuna af hellunni þegar sykurrinn er allur bráðinn og bætið smjörinu saman við í nokkrum skömmtum.

Hellið rjómanum út í karamelluna og hrærið þar til karamellan er orðin þykk og fin.

Í lokin bætið þið saltinu saman við.

Leyfið sósunni að kólna alveg áður en þið hellið henni yfir skyrkökuna.

Dreififið saltaðri karamellusósu yfir kökuna áður en þið berið hana fram og njótið vel.

Það sem eflaust ekki allir vita er að nú hafa verið fimm matgæðingar í röð úr sama vinkonuhópnum en aðeins einn Rangæingur stendur eftir, sú sleppur heldur betur ekki en það er sjálf knattspyrnuhettjan, Hrafnhildur Hauksdóttir.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

## Vinsamlega athugið

Í síðasta tölublaði Dagskrárinna var röng dagsetning á skáknámskeiði sem haldið verður í Fischersetrinu. Námskeiðið hefst þann 25. janúar en ekki þann 18. eins og fram kom í síðasta tölublaði. Nánari upplýsingar má fá í síma 894 1275.

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.  
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@prentmet.is.  
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.

Dreift ókeypis í allar sjáskur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X  
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Visnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

## Gáta vikunnar

Ég er veiddur upp úr sæ.  
Ég er mjór og langur.  
Ellistyrki ég nú fæ.  
Ég er stærðar drangur.

Svar við gátu í blaði 2530: TJALD.

1. lína: Ferðamannaþjald - 2. lína: Rekkjutjald  
3. lína: Útilegutjald - 4. lína: Leiksviðstjald

# Ógnanir miðhálandisþjóðgarðs

Í síðustu viku skrifaði Guðmundur Ingi Guðbrandsson grein hér í Dagskrána þar sem hann fer lofsamlegum orðum um fyrirhugaðan miðhálandisþjóðgarð. Hann telur og sér aðeins kosti við miðhálandisþjóðgarð en þegar betur er að gáð er þar margt sem þarfnast betri skoðunar og ígrundunar. Mig langar í þessari stuttu grein að gera grein fyrir helstu áhyggjum sveitarstjórnar Bláskógabyggðar sem hafa látið sig málið varða frá fyrsta degi.

## Samtalið vantaði

Það hlýtur að þurfa að eiga sér stað mikið og gott samtal um stofnum þjóðgarðs sem nær yfir 40% Íslands ef afkvæmið á að getað dafnað og þroskast í góðri sátt við þjóðina frá fyrsta degi. Ég hef lagt þann skilning í orðið þjóðgarð að þá sé þjóðin sátt og stolt með garðinn sem hún stendur öll að baki. Það sem hefur vantað í ferlið frá fyrsta degi er að þjóðin var aldrei spurð hvort hún vildi miðhálandi Íslands undir þjóðgarð, heldur var tekin ákvörðun af fáum einstaklingum að þjóðgarður skyldi stofnaður. Það er svo eftir að ákvörðun er tekin sem þjóðinni er gefin kostur á að koma með hugmyndir og athugasemdir við útfærslur á þjóðgarðinum. Þarna vantar mikið upp á að eðlileg vinnubrögð séu viðhöfð áður en 40% af landinu eru tekin undir þjóðgarð, það segir sig sjálft að um stórt mál er að ræða.

## Veiking sveitarstjórnarstigsins

Eitt af meginstöðum sveitarstjórnarstigsins er skipulagsvaldið. Með skipulagsvaldinu er mörkuð stefna um uppbyggingu, byggðáþróun, uppbyggingu innviða auk margra fleiri þátta. Með skerðingu skipulagsvaldsins er verið að veikja sveitarstjórnarstigið en á tyllidögum er talað um að það þurfi að styrkja og efla. Það sem mun gerast ef þjóðgarður verður stofnaður er að þá mun skipulagsvald sveitarfélaga skerðast, um það þarf ekki að deila, þótt öðru sé haldið fram. Í drögum að fumvarpi um miðhálandisþjóðgarð er lagt til að stofnuð verði svæðisráð sem í sitja fulltrúar sveitarfélaga auk fleiri aðila. Sú staða gæti því komið upp að tekin sé ákvörðun í svæðisráði sem er í andstöðu við hugmyndir og framtíðarsýn sveitarstjórnar á viðkomandi svæði. Viðkomandi sveitarfélag er svo bundið af og ber skylda til að taka stjórnunar- og verndaráætlun inn í sitt skipulag. Tökum sem dæmi að ákvörðun verður tekin og sett inn í stjórnunar- og verndaráætlun að ekki mætti byggja við og stækka fjallaskála innan marka Bláskógabyggðar. Þessa ákvörðun gæti Bláskógabyggð ekki hnekkst og er skylt að setja inn í sitt aðal- og deiliskipulag. Þetta dæmi sýnir

svart á hvítu að verið er að skerða og veikja skipulagsvald sveitarfélaga.

## Tvískinnungur

Með stofnun þjóðgarðs er sagt að verið sé að hugsa um náttúruvernd, vernda víðerni auk margra annarra þátta er tengist náttúrunni og loftslagsmálum. Það eru allt göfug markmið sem ég held að við séum nú öll að hugsa um alla daga og passað hefur verið vel upp á á hálandinu í gegnum aldirnar með umsjón heimamanna. Það er því svolítið mótsagnar kennt þegar fyrirhugaður þjóðgarður er dásamaður að með tilkomu þjóðgarðsins muni gestum á svæðinu fjölga umtalsvert því slíkt sé aðdráttarafl þjóðgarða. Þessar röksemdir ganga engan veginn upp, það fer ekki saman að fjölga gestum og gangandi á viðkvæmum svæðum og vernda það um leið. Það má eiginlega segja eins og einn góður sveitarstjórnarmaður sagði að þarna fari ekki saman hljóð og mynd.

## Þjóðgarður í umhverfismat

Nú má varla fara í nokkra framkvæmd nema fyrst þurfi að fari fram umhverfismat. Er þá nokkuð til of mikils mælt að fyrirhugaður miðhálandisþjóðgarður fari í umhverfismat áður en ákvörðun er tekin. Í umhverfismatinu yrði farið yfir áhrif þess á samfélög, samgöngur, álag á náttúruna, menningarminja auk fjölmargra fleira þátta. Ég geri ráð fyrir að þeir aðilar sem hafa verið að leggja til að stórar sem smáar framkvæmdir eigi að fara í umhverfismat leggi það til að miðhálandisþjóðgarðurinn fari í umhverfismat, þessir aðilar hljóta að vera samkvæmir sjálfum sér.

## Óvissa með þann rekstur sem er til staðar

Á hálandinu er rekin margvísleg þjónusta sem byggð hefur verið upp eftir stefnumörkun viðkomandi sveitarfélags. Þessar eignir eru ýmist í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða sveitarfélaga. Það er alger óvissa með rekstur og eignarhald á þessum fasteignum ef þjóðgarður verður stofnaður. Því samhliða stofnun þjóðgarðs er verið að vinna frumvarp um þjóðgarðastofnun og í drögum að því frumvarpi eru miklar eignarnámsheimildir sem ráðherra getur beytt. Einnig vitum við að þeir sem eru með rekstur eru ekki vísir með að geta haldið áfram, því rekstur þarf að bjóða út og þeir sem hafa staðið í fjárfestingu geta verið í algerri óvissu.

## Vald ráðherra

Að setja lög um hálandisþjóðgarð er eitt en svo hefur ráðherra gríðarlegt vald með setningu reglugerða. Ráðherra þarf ekki að spyrja Alþingi



Helgi Kjartansson  
Oddviti  
Bláskógabyggðar

eða leita álits almennings við setningu reglugerða, þær þurfa að vísu að hafa stoð í lögum. Í drögum að lögum um miðhálandisþjóðgarð er í þrettándu grein nefnt að ráðherra eigi m.a. að setja reglugerð um verndun og verndarstig í þjóðgarðinum. Þetta er algerlega óútfylltur tékki sem almenningur veit ekkert hvernig verður, það fer allt eftir ráðherra hverju sinni hvernig þessum málum verður háttáð. Þarna getur ráðherra sett ákveðin svæði í algera friðun, bæði fyrir mönnum og allskonar nýtingu svo sem beit, veiði og öðrum hlunnindum. Þarna er verið að setja mikil völd til ráðherra sem heimamenn hafa enga aðkomu að, svona völd er engan veginn hægt að setta sig við.

## Einn liður í löngu tafli

Allt þetta ferli sem nú er í gangi með stofnun þjóðgarðs er margþætt og hefur átt langan aðdraganda. Fyrir ekki svo löngu voru sett lög um þjóðlendur. Þá þurftu sveitarfélög og einstaklingar að sanna eignarhald sitt á afréttum og heimalöndum, afsöl og aðrar heimildir mörg hundruð ára gömul dugðu í sumum tilvikum ekki til að sanna eignarhald. Ríkinu voru dæmd þessi svæði til eignar, eftir sáttu sveitarfélög og einstaklingar svekkt og sár. Sveitarfélögin og einstaklingar héldu að vísu eftir nýtingarréttinum og sveitarfélögin skipulagsvaldinu. Það liðu að vísu ekki mörg ár þá er landskipulagsstefna var samþykkt á Alþingi, þarna er sett stefna ríkisins í skipulagsmálum, þetta átti í fyrstu að vera mjög saklaust og ekki hafa nein áhrif á skipulagsvald sveitarfélaga. En smám saman hefur verið bætt við landskipulagsstefnuna og nú er Skipulagsstofnun farin að vinna eftir þessari stefnu og lítur orðið meir og meir til hennar en aðalskipulaga sveitarfélaga. Það sannaðist svo um munar þegar Skipulagsstofnun felldi sinn dóm um að endurbætur á Kjalvegi þyrftu að fara í umhverfismat, í sínum úrskurði vitnaði hún meira í landskipulagsstefnuna en aðalskipulag Bláskógabyggðar. Þessu þarf að snúa við áður en það verður um seina. Svo var það fyrir nokkrum árum að ríkið náði yfirráðum yfir haf- og strandsvæðum. Nú á að ná hálandinu með stofnun þjóðgarðs. Þá er bara láglandið eftir og mér segir svo hugur að eftir ekki svo mörg ár þurfi landeigendur að sanna

eignarhald sinn á sínum bújörðum, þá er ekki víst að afsöl og kaupsamningar sem gerðir voru fyrir á öldum haldi.

## Sýnum ábyrgð og stígum fram

Umræðan um stofnun þjóðgarðs á hálandinu hefur verið alltof lítil og einhliða. Ég skora á einstaklinga og sveitarfélög að láta sig málið varða, í þessu máli má ekki sitja hjá og bíða og sjá til, það er óábyrgt. Eins skora ég á þingmenn í suðurkjördæmi að heimsækja og taka samtalið við heimamenn, þeir hljóta að ætla

að kynna sér hvað heimamenn hafa til málanna að leggja áður en þeir taka ákvörðun í þingsöllum. Þeir eru okkar þingmenn og ég hélt að þeir hefðu þær skyldur að ræða við íbúa áður en ákvörðun er tekin og þá sérstaklega í svona stóru máli.

Hálendið hefur verið í umsjón heimamanna frá ómunatíð og er best varðveitt hjá þeim sem þar lifa og starfa og leggja sig fram um að gæta þess og varðveita til komandi kynslóða.



Fáðu tilboð í auglýsingarnar  
Auglýsingasíminn er 482 1944



Innlegar þakkir fyrir hlýhug og samúð, vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Sigrúnar Kristbjörnsdóttur,**  
frá Birnustöðum, Skeiðum,

sem lést 4. desember sl.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Innlegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns,

**Sverris Gunnarssonar,**  
frá Hrosshaga.

Fyrir hönd barna, tengdabarna, barnabarna og barnabarnabarna,

**Ólöf Fríða Gísladóttir**



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Sigurðar Eiríkssonar,**  
fyrrum vörubifreiðastjóra,  
Garðafelli, Eyrbakka.

Þakkir fyrir hlýju við umönnun til starfsfólks Ljósheima, og Karlaðs Selfoss og stjórnanda fyrir frábæran tónlistarflutning.

**Guðfinna Sveinsdóttir og fjölskylda.**



## Starfsmaður í matvælaþrif

Dagar hf. leita að traustum starfsmanni í matvælaþrif í Þorklákshöfn.

- Starfshlutfall er 100%, unnið 5 daga vikunnar og einstöku sinnum á laugardögum
- Vinnutími þegar vinnsla lýkur oftast um kl.16:30
- Reynsla af þrifum í matvælavinnslu/fiskvinnslu er kostur

Hreint sakavottorð og að geta talað íslensku eða ensku er skilyrði. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega. Upplýsingar veitir Stefán í síma 660 9330 og á netfangið stefan@dagar.is. Umsókn sendist á netfangið stefan@dagar.is

**dagar**

**Kerhólsskóli**



## Kerhólsskóli óskar eftir að ráða stuðningsfulltrúa

GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

Kerhólsskóli er sameinaður leik- og grunnskóli með um 80 nemendum á aldrinum 1 árs upp í 10. bekk. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt og útikennslu, list- og verkgreinar. Vakinn er athygli á stefnu Grímsnes- og Grafningshrepps um jafnan hlut kynja í störfum hjá sveitarfélaginu. Allir starfsmenn skólans sem eru í 100% vinnu fá tvær hreyfistundir á viku í vinnutíma.

Um er að ræða 50 - 100% stöður sem getur skiptst í að vera stuðningsfulltrúi ca. 50 - 70% og leiðbeinandi í frí- stund ca. 30%.

- Stuðningsfulltrúi starfar í nánu samstarfi við umsjónarkennara og sérkennara.
- Leiðbeinandi í frístund vinnur eftir leiðsögn yfirmanns frífundar.

### Vænt er af umsækjendum:

- Góðrar færni í samskiptum
- Framkvæði í starfi, faglegs metnaðar og ábyrgðar
- Sjálfstæði og skipulagðra vinnubragða
- Sveigjanleika og góðrar færni í samskiptum.
- Góðrar íslenskukunnáttu
- Framtakssemi og jákvæðni.
- Vilja til að gera góðan skóla betri.

Æskilegt að umsækjandi geti byrjað sem fyrst. Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð. Umsóknarfrestur er til 30. janúar 2020.

Nánari upplýsingar gefur Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri í síma 480 5520, 863 0463. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum berist til skólastjóra, jonabjorg@kerholsskoli.is.

# Tími breytinga

**Álfheiður Eymarsdóttir**

*Varaþingmaður Pirata í Suðurkjördæmi*



Um leið og ég óska öllum gleðilegs árs og þakka kærlega fyrir þau liðnu þá staldra ég við í janúarbyrjun, lít yfir nýliðið ár og þá vakna vonir um árið sem framundan er.

Árið 2020 verður ár gagnsæis og aðdraganda umfangsmikilla kerfisbreytinga sem eru löngu tímabærar. Stjórnmalamenn svara loksins ákalli almennings um breytingar á auðlindaákvæðum stjórnarskrár, auðlindastjórnun þjóðarinnar og þá sérstaklega löngu tímabærum breytingum á fiskveiðistjórnun þjóðarinnar.

Það er augljóst að úthlutun aflaheimilda verður að breytast. Aflaheimildir eiga að vera tímabundnar, aðgengilegar fleirum og greitt fullt verð fyrir þær til eigandans. Við erum eigandinn, almennigur í þessu landi. Nú eru aflaheimildir varanlegar og greiddir smápeningar fyrir, farið með þær eins og hverja aðra fasteign, veðsettar og ganga í erfðir. Enda hefur erfðafjárskattur verið lækkaður svo handhöfum kvótans reynist auðveldara að koma auðlind þjóðarinnar til eigin erfingja. Þetta verður að lagfæra og þjóðin á heimtingu á að ráðstafa fiskveiðiheimildum sínum í stað fámennrar stórutgerðastéttar sem sölsað hefur undir sig verðmætustu auðlind þjóðarinnar. Allur fiskur á að fara á markað svo verðmyndun á fiski

sé gagnsæ og trúverðug. Það myndi einnig rjúfa virðisbætur fákeppinnar, þennan möguleika útgerðarvinnslu til að flytja út gróðann af sjávarútveginum og taka hann út erlendis. Þann möguleika þarf að útiloka til að meðferð auðlindarinnar sé hafin yfir allan vafa og arður af henni skili sér til sem flestra byggða.

Það er ekki skýtið að landsmenn séu tortryggir þegar fáir útvaldir maka krókinn á kostnað ríkisins, fjármála- og skattakerfið er notað til undanskota í skattaskjól án þess að nokkuð sé að gert, á sama tíma og öryrkjar og eldri borgarar leppja dauðann úr skel og heilbrigðis- samgöngu- og menntakerfið svelt. Og endalaust eru haldnar ræður um ríkisdæmi Íslendinga, meðaltalsvelmegun og heppni okkar í samanburði við aðrar þjóðir. Augun virðast lokað fyrir þeirri skyldu yfirvalda að sjá öllum, ekki sumum, öllum fyrir grunnframfærslu og þjónustu.

Þó gert sé endalaust grín að löngum umræðum um Orkupakka III, þá kristallaðist óánægja þjóðarinnar og þó aðallega óryggi með ráðstöfun og eignarhald á orkuauðlindum þjóðarinnar í þeim umræðum. Hvort sem orkupakkinn sjálfur snerist um eignarhald á auðlind eða ekki, þá skiptir það í sjálfu sér ekki höfuðmáli. Umræðan sjálf sýndi fram á nauðsyn þjóðarsáttar í stjórnarskrá um fyrirkomulag auðlindamála. Orkumál þurfa að vera hafin yfir alla tortryggni.

Eina leiðin til að löggjafinn og framkvæmdvaldið geti unnið sér inn traust almennings, er að

tryggja að öll gögn og upplýsingar séu á reiðum höndum og að hagsmunatengsl séu alltaf túlkuð almenningi í vil, ekki viðkomandi einstaklingi. Allar embættisfærslur verða um leið betur rökstuddar, rektanlegar og hafnar yfir grun um misbeitingu valds og geðþóttaákvæðanir. Gagnsæið er enn fremur ein öflugasta leiðin til að koma í veg fyrir spillingu.

Til að lýðræðið virki þurfum við að hafa áreiðanlegar upplýsingar og gögn á reiðum höndum. Traust kjósenda byggir á að öll stjórnsýsla sé hafin yfir allan vafa. Landsréttarmálið, Samherjamálið og fleiri mál sem skekið hafa samfélagið á liðnu ári sýna svo ekki verður um villst að gagnsæi vinnur gegn spillingu, stuðlar að upplýstri umræðu, vekur öryggi almennings um að verið sé að vinna í okkar þágu og að vönduð ákvarðanatöku sé í hávegum höfð. Leyndarhyggjan þjóðir ekki endilega að verið sé að brjóta lög, en vekur tortryggni sem þarf að fyrirbyggja.

Ég held að kjósendur séu að vakna til vitundar um þessi mál og komi okkur Þirötum til hjálpar með að hrinda þessum nauðsynlegu umbótum í framkvæmd með nýrri stjórnarskrá, nýju verklagi og nýjum kerfum tengdum atvinnuvegum og velferð. Það er ekki nóg að stagbæta úrelt kerfi erfðaveldisins. Hefjum stjórnmálin yfir tortryggni, einblinum á velseldarhagkerfi fyrir alla, í stað meðaltalsvelmegunar peningahagkerfis sem vinnur að hag örfárna. Búum til samfélag sem við getum öll verið stolt af.

## Orkuskipti í Þórsmörk og Goðalandi

RARIK hefur nú lokið við að leggja 3.800 metra jarðstreng í Þórsmörk frá Húsadal í Langadal og Bása í Goðalandi og standa vonir til að hægt verði að taka hann í notkun á næstunni. Rafmagn var lagt í Húsadal, sem er næst mannabyggð, fyrir átta árum og hefur forsvarsmönnum skálanna í Langadal og í Básun dreymt um að fá rafmagn allar götur síðan. Samhliða strenglöggninni var ný vatnslögn lögð í leiðinni.

Þórsmörk er á náttúruminjaskrá og lagnaleiðin er um viðkvæm svæði sem eru torveld yfirferðar. Því þurfti að gæta ítrustu varúðar og útsjónarsemi

við verkið. Lagnaleið var valin í samráði við Skógræktina til að lágmarka umhverfisáhrif og var fulltrúi hennar viðstaddur þegar farið var í gegnum skógræktarsvæðið. Jarðstrengurinn var að mestu plægður í jörð en það þurfti að fleyga og grafa á um 200 metra kafla.

### Lítill verksummerki

Verkið gekk mjög vel en áður en það hófst var leitað umsagna Skipulagsstofnunar, Rangárþings eystra, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Skógræktarinnar og Umhverfisstofnunar.



Rafstrengnum úr Húsadal í Þórsmörk yfir í Langadal og að Básun á Goðalandi var valin leið sem raskaði skóginn sem minnst. Þegar rafmagnnið hefur verið tengt sparast um 12.000 lítrar af olíu á ári og allmikil gas með tilheyrandi samdrætti í losun koltvísýrings. Ekkert varanlegt rask varð vegna framkvæmdanna. Ljósmynd: Stefán Jökull Jakobsson.

Stefán Jökull Jakobsson, umsjónarmaður skála Ferðafélags Íslands í Langadal, sagði í Bylgjufréttum að verksummerki og rask vegna framkvæmdanna séu með ólíkindum lítil. Jarðýtur á afar stórum beltum hafi verið notaðar og telur Stefán að verksummerki verði vart sjáanleg þegar frost fer úr jörðu.

Framkvæmdakostnaður Ferðafélags Íslands vegna framkvæmdarinnar nemur að sögn Stefáns um fjórum milljónum króna og telur hann að kostnaður Útivistar vegna rafvæðingar aðstöðunnar í Básun verði álika mikill. Með því að tengjast rafmagnni verður hins vegar hægt að spara kostnað vegna notkunar á um 12.000 lítrum af olíu sem notuð hefur verið til að kynda skálana til þessa. Er þá ótaldar ferðir sem hægt verður að fækka vegna gasflutninga á svæðið.

Páll Guðmundsson framkvæmdastjóri Ferðafélagsins segir rafvæðinguna skálanna í senn hagkvæma og umhverfisvæna og að hún muni gjörbreyta aðstöðu ferðafólks og þeirra sem starfa við ferðaþjónustu á svæðinu.

## Karлакór Rangæinga þrítugur

Það blés hressilega föstudaginn 10. janúar. Viða var ófært og vegum lokað. Í félagsheimilinu Hvoli í Hvolsvelli blésu annarskonar vindar, þar sveif tónlistin yfir vötum. Karlakór Rangæinga fagnaði þar þrítugsafmæli sínu, en hann var stofnaður þennan dag árið 1990. Buðu þeir því félögum fyrr og nú sem og öðrum aðdáendum til veislu, og var vel mætt þrátt fyrir lægðina.

Afmælisveislan markar spor kórsins inn í fullorðinsárin en einnig upphaf mikils afmælisárs framundan. Kynnirinn lofaði mörgum afmælistónleikum og uppskar mikið lófatak. Efnis-skráin var því með hátíðlegra móti og öll hin rangæska, en öll lögin höfðu snertiflöt við héraðið. Ævinlega var annað hvort lag eða texti eftir Rangæing og í mörgum tilfellum hvort tveggja, utan eitt, en það var „Skarphéðinn í brennunni“ sú illmannlega héraðshetja. Oft voru höfundarnir kórmeðlimir, nýir og gamlir, afmælið varð heimilislegra og hlýrra fyrir bragðið.

Rangæingar eiga kjarna í þessum kór, sem skiptir máli fyrir sveit og dreifðar byggðir. Að sjá hann síðan draga saman

í tali og tónum svipmyndir úr héraðinu sem okkur er svo kært vekur stolt blandið þakkæti, fyrir að eiga vól á svona menningu í og úr heimabyggð. Í kórnum syngja ennþá stofn-félagar, sem hafa sveinar kátir sungið í 30 ár. Við hlið þeirra standa yngri sveinar, innfæddir og aðfluttir, hver og einn á sína vísu skrautfjöldur í rangæskan hatt. Karlakórur fylgir einhver kraftur sem minnir á náttúruafl, sem bæði er hægt að beisla en líka leysa úr læðingi og njóta. Frá píanóinu flæðir svo fegursta fossinn, fullkomlega mótaður frá náttúrunnar hendi.

Líkt og í afmælum yfirleitt voru gjafir og góðir gestir. Afmælisbarnið færði gestum sínum Vörðukörinn að gjöf. Sá fyllti sviðið af litum og orku sem skilaði gæsaþúð og brosum á vör. Að lokum sungu allir kórarnir saman, troðfylltu sviðið, og byggðu þar hamra-vegg og breyttu héraðssöngnum „Rangárþingi“ í hljómkviðu. Það er þakklátt í risjóttu tíðarfari að fá svona hátíð að gjöf og ekki laust við að slyddan skylli heilt kvöld í flóðbylgju kór-söngvanna.



## Sparibollinn – fegursta íslenska ástarjåtningin

Ástáttir hafa gegnum tíðina notið mismikillar virðingar, jafnvel verið flokkaðar sem kvennabókmenntir og froða. Í nútímanum, sem gjarnan litast af ógnum og óhugnaði, fer oft og tíðum óþarflega lítið fyrir ástinni.

Sparibollinn, nefnast ný íslensk bókmenntaverðlaun veitt bestu ástarlýsingunni í íslenskum bókmenntum ár hvert. Lýsingin má standa stök eða vera hluti af stærra verk. Hún má ná til andlegrar ástar og líkamlegrar. Ástar milli karla, kvenna, barna, dýra, ættingja, vina, skipa, flugvéla, fólksflutninga-bifreiða og svo framvegis. Eina skilyrðið er að hafa komið út á prenti eða í öðru bókarformi á árinu 2019.

Verðlaunin verða veitt í fyrsta skipti á árlegu málþingi Bókabæjanna austanfjalls, sem að þessu sinni er helgað ástarsögum. Þriggja manna dómnefnd velur síðan úr innsendum tillög-

um. Dómnefndin í ár er skipuð þeim Eyrúnu Lóu Eiríksdóttur, Hörpu Rún Kristjánsdóttur og Sverri Norland.

Höfundur fegursta ástarjåtningarinnar hlýtur sparibollann, rósumpurýddan kaffibolla á fæti. Kaffibollinn er vísun í hina ótæpilegu og lífsfyllandi kaffidrykkju í bókum Guðrúnar frá Lundi. En einnig til þess að allt sem þú þarft er ást, og bolli af góðu kaffi.



## Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Opn S eru ný tegund heyrnartækja frá Oticon sem hjálpa þér að heyra margfalt betur í fjölmenni og klíð. Þú getur fengið Opn S með endurhlaðanlegum rafhlöðum. Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Selfossi í janúar.

Selfoss  
27. janúar 2020

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á [www.heyrnartaekni.is](http://www.heyrnartaekni.is)

Heyrnartækni

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðapjónusta | Sími 568 6880



## Leikskólinn Heklukot



## Sérkennslustjóri

Auglýst er eftir sérkennslustjóra til starfa í 100% stöðu við leikskólann Heklukot á Hellu í Rangárþingi ytra sem er um 100 km frá Reykjavík.

Heklukot er fimm deilda leikskóli með um 75 nemendum frá eins til fimm ára.

Unnið er eftir markmiðum Skóla á grænni grein sem fela í sér sambærilegar áherslur og í Aðalnámskrá leikskóla (2011). Einnig er unnið eftir markmiðum Heilsustefnunnar sem stuðlar að heilsuefningu í leikskólasamfélaginu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Yfirumsjón með skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslu í leikskólanum í samráði við leikskólustjóra.
- Yfirumsjón með uppeldis- og námsgögnum leikskólans sem tengjast sérkennslu, gerð verkefna og gerð einstaklingsnámskráa.
- Yfirumsjón með samskiptum við foreldra, sérkennsluráðgjafa og aðra sem koma að sérkennslu.
- Fræðsla, ráðgjöf og stuðningur við foreldra og starfsmenn.
- Að veita börnum með sérþarfir leiðsögn og stuðning.
- Hlutfall barna af erlendum uppruna er nokkuð og er mikil áhersla lögð á að

halda vel utan um þau og fjölskyldur þeirra. Stór partur af starfinu er því málörvun og íslenskukennsla um leið og við leitum nýrra leiða til að efla samstarf við foreldra. Vinnur eftir starfslýsingu leikskólans, með og undir stjórn leikskólustjóra.

### Menntun, hæfni og reynsla:

- Leikskólasérkennaramenntun, þroskaþjálfamenntun, Bs. í sálfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Framhaldsmenntun í sérkennslufræðum æskileg.
- Reynsla af sérkennslu.
- Reynsla af starfi í leikskóla.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi.
- Góð íslenskukunnátta.
- Góð tölvukunnátta.

Húsnæði er í boði sé þess þörf.

Umsókn og ferilskrá óskast send rafrænt á [heklukot@heklukot.is](mailto:heklukot@heklukot.is) fyrir 20. janúar nk. Nánari upplýsingar veitir Auður Erla Logadóttir leikskólustjóri í síma 488 7045, netfang: [heklukot@heklukot.is](mailto:heklukot@heklukot.is) einnig má sjá upplýsingar um skólann á heimasíðu skólans: [www.heklukot.leikskolinn.is](http://www.heklukot.leikskolinn.is).

[www.heklukot.leikskolinn.is](http://www.heklukot.leikskolinn.is) - [heklukot@heklukot.is](mailto:heklukot@heklukot.is) - 488 7045

# Íþróttir

Efni sendist á: dagskrain@prentmet.is

## Selfoss sækir sigur í fyrsta leik ársins

**HANDBOLTI** Selfoss sigraði U-lið Vals á Hlíðarenda í Grill 66 deildinni í seinustu viku, 22-27.

Jafnræði var með liðunum lengst af í fyrri hálfleik, jafnt á nánast öllum tölum en Valur þó alltaf hænufetinu á undan. Undir lok hálfleiksins náðu Selfyssingar nokkrum góðum stoppum í vörninni en virtist fyrirumnað að komast yfir. Það mark kom þó að lokum og eftir það litu stelpurnar okkar varla um öxl, komu muninum strax í tvö mörk og staðan í hálfleik 13-15.

Selfyssingar leiddu allan síðari hálfleikinn, komust fljótt fjórum mörkum yfir og leiddu allt til leiksloka. Sigur staðreynd í fyrsta leik ársins í Grill 66 deildinni hjá stelpunum.

Mörk Selfoss: Hulda Dís Þrastardóttir 7/2, Tinna Sigurros Traustadóttir og Katla María Magnúsdóttir 6, Rakel Guðjóns-



Stelpurnar léku flotta vörn stóran hluta leiksins og Henriette var frábær þar fyrir aftan. Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁBG

dóttir 4, Agnes Sigurðardóttir 3 og Katla Björg Omarsdóttir 1. Varin skot: Henriette Østergaard 20 (47%).

Stelpurnar eru sem fyrr

í þriðja sæti deildarinnar í æsispennandi toppbaráttu. Næsti leikur er á heimavelli gegn Víkingi sunnudaginn 19. janúar kl. 19:30 í Hleðsluhöllinni. -esó

## Íþróttaskólinn hefst á sunnudag

**FIMLEIKAR** Ný námskeið í íþróttaskóla barnanna hefst sunnudaginn 19. janúar og er skráning í fullum gangi. Námskeiðin fara fram í Baulu, íþróttahúsi Sunnulekjarskóla. Umsjónarmenn íþróttaskólans eru Berglind Elíasdóttir, íþrótt- og heilsufræðingur, og Inga Sjöfn Sverrisdóttir, sjúkraþjálfari, ásamt aðstoðarþjálfurum.

Nánari upplýsingar á auglýsingu á næstu síðu.



Gleðin er í fyrirrúmi í íþróttaskóla barnanna. Ljósmynd: Umf. Selfoss/Inga Heiða



## Mjúkboltamót Selfoss

**HANDBOLTI** Hið árlega mjúkboltamót (softballmót) Selfoss verður haldið á laugardaginn í Hleðsluhöllinni.

Leikið verður á litlum völlum í fjögurra manna liðum líkt og í fyrra. Aldurstakmark er 16 ár. Endilega smalið saman vinnuhópnum, vinkonuhópnum, vinnustaðnum eða árganginum.

Mótið hefst kl. 14:00 og er stefnt á að klára úrslitaleikina fyrir kl. 18:00 en það fer m.a. eftir fjölda liða.

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag mótsins er á vefsíðu Umf. Selfoss [www.selfoss.net](http://www.selfoss.net).

Skráning liða fer fram í gegnum netfangið [handbolti@umfs.is](mailto:handbolti@umfs.is), á Fésbókarsíðu mótsins eða hjá Atla Kristins í síma 696 8280. Skráningargjald er kr. 2.000 á mann.

Eftir mótið verður hið árlega björkvöld Selfoss haldið í golfskálanum og hefst það kl. 20:00.



## Ný aðstaða Golfklúbbs Selfoss vígð - Ylrækt afrekskyflinga hafin á Selfossi

**GOLF** Ný og glæsileg aðstaða Golfklúbbs Selfoss var opnuð laugardaginn 11. janúar 2020. Húsnæðið hýsir glæsilega inni-aðstöðu fyrir iðkendur, áhaldahús og geymslur fyrir golfset. Fjölmargir lögðu leið sína að skoða nýja húsnæðið og kanna möguleikana. Einn gesta lét hafa eftir sér að líklega yrði þetta annað heimili þeirra hjóna hér eftir. Við tókum Pál Sveinsson, formann Golfklúbbs Selfoss tali og spurðum út í framkvæmdina og hverju hún mun breyta fyrir golfsenuna á Selfossi.



á kosið á heimsvísu. Æfingar að slá í net, frábær þúttástaða, fullkominn golfhermir og svo er geymsluástaðan fyrir vélarnar alveg byltingarkennd og gefur betra færi á bættu viðhaldi og minni kostnaði.“

### Golfið gert að heilsárssporti

Þegar talið berst að barna- og unglíngastarfi Golfklúbbs Selfoss segir Páll: „Með þessu erum við að gera golfið að heilsársíþrótt. Golfið hefur alltaf verið dálítið háð veðri og aðstæðum. Ef við berum þetta saman við fótboltann þá fóru menn að reisa knattþús fyrir um 15 – 20 árum, koma fótboltanum inn svo að fótboltinn yrði heilsársíþrótt. Nú erum við komin á þann stað að við getum boðið upp á golfið sem íþrótt sem er bara í samkeppni og valmöguleiki í samburði við aðrar íþróttgreinar. Þessi aðstaða gerir það að verkum að við vitum það að okkur mun vaxa fiskur um hrygg og gera starfið ennþá öflugra. Það þýðir líka að við getum aukið við afreksstarfið nú þegar við erum komin með kyflinga í landslið og háskólagolf og fleira. Þetta mun bara aukast hjá okkur. Að lokum segir Páll: „Nú styttest bara í það að Golfklúbbur Selfoss eignast Íslandsmeistara fljótlega sem er alinn upp og vökvauður hérna. Hér verður ylrækt afrekskyflinga.“ -gpp

## Ný námskeið í ungbarnasundi

**SUND** Ný námskeið í Guggusundi – ungbarnasundi hefst fimmtudaginn 16. janúar, föstudaginn 17. janúar og laugardaginn 18. janúar. Kennnt er einu sinni í viku í átta vikur.

Í boði eru námskeið fyrir ungbörn frá 7 mánaða aldri upp í byrjendahópa barna á mörkum leikskóla og grunn-

skóla. Kennari er Guðbjörg H. Bjarnadóttir íþróttakennari.

Nánari upplýsingar má finna á heimsíðu Umf. Selfoss [www.selfoss.net](http://www.selfoss.net) en skráningar og upplýsingar eru einnig á netfanginu [guggahb@simnet.is](mailto:guggahb@simnet.is) og í síma 848 1626. Best er að skrá tímanlega því það er oftast fullbókað snemma.





**Leikmenn mánaðarins**

Knattspyrnudeild Selfoss  
Janúar 2020





**Guðrún Birna Kjartansdóttir**  
Leikmaður 5. flokks kvenna



**Sölvi Berg Auðunsson**  
Leikmaður 6. flokks karla




[selfossfotbolti](https://www.facebook.com/selfossfotbolti)

[selfoss.net/knattspyrna](http://selfoss.net/knattspyrna)



# Karl Gunnlaugsson heiðraður

**BRIDGE** HSK-tvímennurinn í bridds fór fram í Selinu á Selfossi fimmtudaginn 2. janúar síðastliðinn með þátttöku 15 para.

Spiluð voru 40 spil og eftir þessi 40 spil stóðu uppi sem sigurvegarar þeir Gísli Þórarinnsson og Sigurður Skagfjörð

með 61,3 stig. Brynjólfur Gestsson og Helgi Hermannsson urðu í öðru sæti með 57,6 stig og Sigfinnur Snorrason og Össur Friðgeirsson tóku bronsíð með 56 stig, eftir hörku keppni við Þróst Arnason og Björn Snorrason. Heildarúrslit mótsins má sjá á [www.hsk.is](http://www.hsk.is).



Verðlaunahafar



Karl Gunnlaugsson


Briddsmenn heiðruðu Karl Gunnlaugsson á Varmalæk sérstaklega á mótinu, en hann hefur keppt á HSK mótum í rúm 75 ár í hinum ýmsu greinum. Karl er enn að keppa, en hann verður 89 ára í ár.

## Kveðja frá Knattspyrnudeild Umf. Selfoss

**Félagi okkar, Steindór Sverrisson er fallinn frá langt um aldur fram.**

Hverju samfélagi sem og frjálsum félagasamtökum er lífsnauðsyn að eiga öfluga stuðningsmenn og bakhjarla sem standa vaktina og eru tilbúnir til að svara kalli um aðstoð þegar það kemur. Þetta eru liðsmennirnir sem halda þessum samtökum gangandi. Þannig liðsmann átti knattspyrnudeild Umf. Selfoss einmitt í Steindóri Sverrissyni sem alltaf svaraði kallinu, stóð vaktina í miðasölu, flaggaði í þænum á leikdegi, eldaði ofan í leikmenn og gestalið eftir heimaleiki og svo mætti áfram telja.

Steindór var sjálfur iðkandi hjá knattspyrnudeildinni á yngri árum, kappsamur og ákveðinn eins og ávallt þegar kom að íþróttinni hjá honum. Í seinni tíð stóð hann svo vaktina sem foreldri á hliðarlínunni og sjálfboðaliði, ávallt jafn hvatvís og jákvæður.



Áfram Selfossi!

Steindór Sverrisson.

Steindór var kraftmikill og glaðlyndur félagi. Hann hafði mikla ástríðu fyrir fótboltanum, tók fullan þátt í gleðistundum þegar vel gekk, nú síðast sl. haust er fyrsti stóri titill deildarinnar vannst, bikarmeistaratitill kvenna. Enda var hann gallharður Selfyssingur og vildi sjá liði sínu ganga sem best. Hann mætti á nánast alla leiki og studdi við bakið á liðinu í blíðu og stríðu. Steindór var heldur ekki feiminn við að segja sína skoðun og

það var gaman að ræða við hann um fótbolta. Hann var duglegur að hrósa því sem vel var gert en líka gagnrýninn ef honum þótti ástæða til. Hann hafði líka efni á því, var kröfuharður á sitt lið en ekki síður á sjálfan sig. Það var hverjum manni ljóst er þekktu hann og fylgdust með harðvítugri baráttu hans um árabíl við hinn illvíga sjúkdóm sem felldi hann að lokum.

Nú kveðjum við þennan öfluga liðsmann okkar af auðmýkt og með djúpu þakklæti. Hans verður sárt saknað. Mestur er þó missir fjölskyldunnar og sendum við Hjördísi og börnum þeirra okkar einlægustu samúðarkveðjur og megi þau öðlast styrk til að takast á við sorg sína.

Blessuð sé minningin um okkar góða féлага Steindór Sverrisson.

F.h. knattspyrnudeildar  
Umf. Selfoss  
Jón Steindór Sveinsson,  
formaður

Sunnud. 19. jan. kl. 19:30

UMF SELFLOSS 1936

Selfoss – Víkingur

HLEÐSLU HÖLLIN

HLEÐSLA ÍBROTADRYKKUR

JAKO

## Aðalfundur Sleipnis 2020



SLEIPNIR  
— stofnað 1929 —

Aðalfundur Hestamannafélagsins Sleipnis og Sleipnishallarinnar ehf. verður haldinn miðvikudaginn 22. janúar nk. kl. 20.00 í Hliðskjálfi.

### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Kveðja, stjórnin



## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024 - Brúinir 1, aukning á byggingarmagni

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 12. desember sl. tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024, samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér að skipulagsákvæðum fyrir landnotkunareit Vb-239 á Brúnum 1 verði breytt á þann veg að byggingarmagn fari úr 115 m<sup>2</sup> í 340 m<sup>2</sup>.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Rangárþings eystra.

Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst til kynningar eftirfarandi lýsing að deiliskipulagi á Hvolsvelli, Rangárþingi eystra.

### Hvolsvöllur, nýr ofanbyggðarvegur

Um er að ræða nýtt deiliskipulag af svokölluðum Ofanbyggðarvegi. Vegurinn mun liggja frá hringtorgi við Þjóðveg nr. 1, sem staðsett verður vestan við Hvolsvöll. Frá hringtorginu mun vegurinn liggja norður fyrir byggðina á Hvolsvelli og tengjast Nýbýlavegi.

Ofangreinda lýsingu á deiliskipulagstillögu er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is) og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 15. janúar 2020. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 29. janúar 2020. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra  
Guðmundur Úlfar Gíslason, skipulags- og byggingarfulltrúi

## Kennt er í þremur hópum

- Hópur 1 09:30-10:20 Börn fædd 2017-2019 (0-2 ára)
- Hópur 2 10:30-11:20 Börn fædd 2015-2017 (2-4 ára)
- Hópur 3 11:30-12:20 Börn fædd 2014-2016 (3-5 ára)

Aldursskiptingin skarast og velja því foreldrar þann hóp sem hentar sínu barni best, með það í huga að hóparnir eru mis krefjandi. Í boði er að prufa sig áfram með hvaða hópum hentar best. Einnig mega systkini vera saman í hóp þó þau passi ekki inn í sama aldersramma.

Einn frá prufutími er í boði og hægt að bætast við eftir að námkeiðið er hafði.

Skráning á: [www.selfoss.felog.is](http://www.selfoss.felog.is)  
Fyrirspurnir á [fimleikar@umfs.is](mailto:fimleikar@umfs.is)



Umsjón:

Inga Sjöfn Sverrisdóttir  
Sjúkrapjálfrani

Berglind Elíasdóttir  
Íþróttá- og heilsufræðingur

FB-hópur: Íþróttaskóli fimleikadeildar UMF Selfoss

**FUNDIR**

**KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU**  
 Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

**Al-Anon Selfossi**  
 Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**  
 Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi. Ath. fundur 24. og 31. des. kl. 12 á hádegi.

**AA**  
 Mán. kl. 21 - AA fundur  
 Þrið. kl. 12:05 - AA fundur  
 Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
 Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
 Fim. kl. 20 - AA fundur  
 Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
 Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur  
 Sun. kl. 11 - AA fundur  
 Sun. kl. 21 - AA fundur  
 AA Hrísholti 8, Selfossi.  
 Nánari upplýsingar á aa.is.

**OA**  
 Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

**CoDA**  
**Bataleið frá meðvirkni**  
 Fundir alla laugardaga kl. 10:30.  
 Hrísholti 8, Selfossi.  
 Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á þjóðveg**  
 Fundir í Rauðakrosshúsinu Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

**Geðræktarmiðstöðin Batasetur Suðurlands**  
 Miðvikudaga kl. 10-14  
 Kaffi Lif (við hliðina á Nettó)  
 Föstudaga kl. 10-12 í Strók  
 facebook.com/batasetur

**BÍLAR**

**KIETTUR**  
 Bifreiðaverkstæði  
 Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi  
 Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og almennar bílavíðgerðir.  
 Hjólástillingar  
 Dekkja- og smurþjónusta Sími 482 4069

**SKÁLINN**  
 Gagnheiði 11  
 800 Selfossi  
 Sími 482 2200  
 GSM 894 2277  
 Fax 482 2777  
 Yfirbyggingar – Réttingar  
 Bílamálun – Rúðuskipti

**ÞJÓNUSTA**

**BR FLUTNINGAR**  
  
**S: 662-1122**  
**Daglegar ferðir**  
**SELFOSS - REYKJAVÍK**  
**SUÐURLAND**

**ICECOOL**  
 Bifreiða- og breytingaverkstæði  
 Gagnheiði 51, Selfossi  
 Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

**KJARNABÓKHALD**  
  
**Bókhald • Framtöl • Skattskil**  
**Launavinslur • Ráðgjöf o.fl.**  
 Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
 Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is  
**Ráð í rekstri !**

**Hjá Maddý ehf.**  
 Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
 s. 482 3454 - maddy@maddy.is  
**Bókhald - ráðgjöf**  
**skattskil**  
**Þjónusta við**  
**einstaklinga og**  
**fyrirtæki**  
**Persónuleg þjónusta**

**STEYPUSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN - TVÍBLAÐASÖGUM FYRIR HITALÖGNUM**  
 Saga dyragöt, gluggagöt og fleira í steinsteypu.  
 Kjarnaborun fyrir lögnum.  
 Ramma inn myndir, spegla og fleira.  
**Annast einnig sólpallasmíði.**  
**ÁSGEIR EGGERTSSON**  
 Sléttuvegi 6, Selfossi  
 Sími 893 9068  
**STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.**

**Gröfupjónusta**  
 Tek að mér ýmis verk. Er með traktorsgröfu.  
 Nánari uppl. hjá Guðmundi í síma 650 5038.



**KIRKJUR**

**Selfoskirkja**  
 Verið velkomin til messu og sunnudagaskóla í Selfoskirkju, 19. janúar kl. 11. Sr. Gunnar Jóhannesson þjónar fyrir altari og prédikar. Kirkjukór Selfoskirkju syngur og leiðir safnaðarsönginn undir stjórn Edit A. Molnár. Sunnudagaskólinn hefst samhliða messunni í umsjá Jóhönnu Yrar Jóhannsdóttur. Allir eru hjartanlega velkomnir.

**Hvítasunnukirkjan Selfossi**  
 Sunnudaga kl. 11:00. Samkoma, sunnudagaskóli og kaffiveitingar. English translation available. Allir innilega velkomnir. www.selfossgospel.is.

**Hveragerðiskirkja**  
 Messa sunnudaginn 19. janúar kl. 11. Sr. Halldóra Þorvarðardóttir prófastur setur sr. Ninnu Sif Svavarsdóttur í embætti sóknarprests í Hveragerðisprestakalli. Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna syngur, organisti Miklós Dalmay. Veitingar í boði sóknarnefnda að messu lokinni.

**Kirkjuskólinn í Víkurprestakalli**  
 Fyrsta samvera kirkjuskólans á nýju ári verður í Víkurskóla næsta sunnudag, 19. janúar 2020, kl. 11:15. Hlakka til að hitta ykkur öll.

**Þorlákaskirkja**  
 Messa sunnudaginn 19. janúar kl. 14.00. Kór Þorlákaskirkju leiðir söng. Organisti Ester Ólafsdóttir. Sr. Arnaldur A. Bárðarson þjónar.

**Skálholtiskirkja**  
 Messa 19. janúar kl. 11. Sr. Axel Á. Njarðvík, héraðsprestur þjónar fyrir altari. Organisti Jón Bjarnason. Verið velkomin.

**Stokkseyrarkirkja**  
 Messa sunnudaginn 19. janúar kl. 11.00. Kaffi í safnaðarheimili eftir messu. sr. Arnaldur Bárðarson þjónar, Kór kirkjunnar leiðir söng. Organisti Haukur Arnarr Gíslason.

**TIL LEIGU**

**Húsnæði til leigu**  
 Splunkuný stúdíóíbúð í Hveragerði með séringngangi. Með öllum heimilistækjum og húsgögnum. Innifalið rafmagn, hiti og þráðlaust net. Hlý og góð. Langtímaleiga í boði. Uppl. í síma 860 1957.

**HEILSA**

**Hugurinn, líkaminn og sálin**  
  
*Jákvæðar hugsanir breyta deginum*  
 Energy Touch • Nudd • Nálastungur • Núvitund  
 Sími 6932197  
 Ragnhildur Sigurðardóttir  
 Cand mag í þróttáfræðum  
 Júlíana Siliarski  
 Hama Yoga, NLP Master/Coach  
 www.thesunflower.is

**FUNDIR**

**Vöflukaffi**  
 Tólfta vöflukaffi vetrar verður haldið næsta föstudag 17. janúar á Eyravegi 15 annarri hæð milli klukkan 16 og 18. Gestur okkar er Guðrún Þórðardóttir forseti Kvenfélagsambands Íslands. Hún mun ræða um starfsemi kvenfélaganna og Leiðbeiningastöð heimilanna. Allir velkomnir.



**Hádegisfundur**  
 Hádegisfundur verður haldinn í sal Tryggvaskála laugardaginn 18. janúar nk. kl. 11:30.  
 Unnur Brá Konráðsdóttir kynnrir vinnu við stjórnarskrárbreytingar.  
 Súpa dagsins fyrir fundarmenn gegn vægu gjaldi. Allir velkomnir.  
*Sjálstæðisfélagið Óðinn*



**Hvaða þýðingu hefur miðhálandisþjóðgarður fyrir Sunnlendinga?**

Margir velta fyrir sér þýðingu miðhálandisþjóðgarðs þessa dagana í tengslum við frumvarp umhverfissráðherra sem byggir á afrakstri vinnuþóps sem unnið hefur með málid um langa stund og skilað af sér. Mig langar að leggja orð í belg og segja hvaða þýðingu það hefur fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð að 56% sveitarfélagsins er innan þjóðgarðsmarkna Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í fyrsta lagi þá hef ég engan Hornfirðing hitt ennþá, sem myndi svara því í dag, 11 árum eftir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, að best væri að hætta við að hafa þjóðgarð. Snúa til baka og leggja hann niður. Þeir eru hins vegar margir sem benda á mikilvægi þess að efla Vatnajökulsþjóðgarð enn frekar og renna styrkari stöðum undir starfsemi hans.

Í öðru lagi starfa 40 manns fyrir Vatnajökulsþjóðgarð á suðursvæði hans. Langflestir þeirra eru háskólagengnir einstaklingar, sem sinna landvörslu, fræðslu og stýringu ferðamanna um þjóðgarðinn og náttúruperlur hans. Þannig stendur þjóðgarðurinn undir umsvifamikilli atvinnustarfsemi í heimabyggð eða nærsamfélagi sínu sem er mikilvægur liður í jákvæðri byggðarþróun. Ungafólkið af svæðinu sækir aftur heim að námi loknu í þau störf sem meðal annars þjóðgarðurinn býður.

Í þriðja lagi hefur Vatnajökulsþjóðgarður rennt stöðum undir hefðbundna landnýtingu sem er heimil rétthöfum landsins og þeim sem leyfi sækja. T.d. er hreindýrveiði og fuglaveiði leyfð innan þjóðgarðsins, sem og sauðfjárbætur, sé hún hóf-

**Sæmundur Helgason,**  
 sveitarstjórnarmaður á Höfn.



leg og hefðbundin. Í gegnum stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn fara svæðisráð hvers svæðis með afskipti og stjórnun um hvernig að þessari nýtingu er staðið. Svæðisráðin móta einnig skipulagsáætlanir innan þjóðgarðsins. Svæðisráðin eru fjölskipuð af heimafólki að mjög miklum meirihluta. Sem dæmi skipa 6 aðalmenn og 6 varamenn Svæðisráð suðursvæðis. Af þeim eru 10 sem búa í Austur-Skaftafellssýslu eða Sveitarfélaginu Hornafirði.

Allt tal um að sveitarfélagið missi skipulagsvaldið við að setja svæði undir þjóðgarð er því hreint og klárt bull. Miklu nær er að halda því fram að skipulagið sé nær þeim hagsmunaaðilum sem hafa með þjóðgarðinn að gera. Og í frumvarpi umhverfissráðherra hefur enn verið bætt um betur, því fulltrúar bænda eiga að eiga aðild að svæðisráðum, samkvæmt tillögu frumvarpsins.

Rökin fyrir jákvæðum áhrifum þjóðgarðs í heimabyggð eru mun fleiri, en þessi helstu sem hér hafa verið talin upp. Ég minni á að hugmyndin og frumvarpið um miðhálandisþjóðgarð byggir á sömu hugmyndafræði og Vatnajökulsþjóðgarður. Grástróttin ræður ferðinni og skipulagið er einskonar neðanfrá og upp „bottom up“ skipulag, þar sem vilji og aðkoma heimamanna úr grástróttinni ræður í veigamiklum atriðum.

**Rökin fyrir jákvæðum áhrifum þjóðgarðs í heimabyggð eru mun fleiri**

## Félags- og barnamálaráðherra semur við Sólheima um kolefnisjöfnun

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, og Sigurjón Örn Þórssón, stjórnarformaður Sólheimaseturs SES, undirrituðu í dag samning um kolefnisjöfnun. Samningurinn er til fimm ára. Markmið hans er að binda kolefni sem til fellur vegna starfsemi félagsmálaráðuneytisins. Kolefnisbindingin fer fram með þeim hætti að gróðursett verða tré í Sólheimaskógi á Sólheimum, en skógræktin á Sólheimum er með lífræna vottun frá Vottunarstofunni Túni. Með samningnum er verið að styðja við fjögur til sex störf fyrir íbúa Sólheima við ræktun og gróðursetningu.

Með samningnum skuldbindur félagsmálaráðuneytið sig til að halda kolefnisbókhalð yfir þá starfsemi sem kolefnisjöfnunin nær til. Í það skal meðal annars skrá notkun jarðefnaeldsneytis farartækja og flugferðir starfsmanna innanlands og á milli landa. Sömu leiðis förgun og aðra þætti sem leiða til kolefnislosunar eftir því sem við á.



Útreikningur á umfangi kolefnislosunar verður unninn í samvinnu við Sólheimasetur SES og skal upplýsingum um árlega kolefnislosun ráðuneytisins skilað til setursins einu sinni á ári. Þá skuldbindur Sólheimasetur sig til að skrá með nákvæmum hætti fjölda trjáa sem gróðursett verða, staðsetningu þeirra og dagsetningu gróðursetningar þannig að staðfesta megi með rekjanlegum hætti að kolefnisjöfnun hafi sannarlega farið fram.

Samningurinn nær eingöngu til félagsmálaráðuneytisins en

Ásmundur Einar hefur auk þess sent út bréf til stofnana ráðuneytisins með þeim tilmælum að þær setji sér markmið um kolefnishlutleysi.

„Ég gleðst yfir þessum góða samningi enda nauðsynlegt að stjórnmöld setji gott fordæmi í loftslagsmálum. Jafnframt er ég mjög ánægður með aðkomu Sólheima að verkefninu. Samningurinn mun bæði styrkja þá góðu og metnaðarfullu starfsemi sem þar fer fram og fjölga störfum fyrir fólk með fötlun,“ sagði Ásmundur Einar við undirritunina.

## Hugarfrelsi fyrir börn

Hugarfrelsi er verkefni Hsem þær Hrafnhildur Sigurðardóttir og Unnur Arna Jónsdóttir standa að. Þær fóru af stað með Hugarfrelsi eftir þónokkrar vangaveltur um lífið og tilveruna. „Við komumst að þeirri niðurstöðu að hlutverk okkar beggja væri að hjálpa öðrum, meðal annars börnum,“ segir Unnur. Þær leggja áherslu á að hjálpa börnum til að átta sig á því hver þau raunverulega eru, hvar styrkleikar þeirra liggja og hvað veitir þeim ánægju og gleði. „Með því að kenna þeim á þessa þætti eru meiri líkur á því að þau öðlist hamingju, friðsæld og verði sátt við sig og aðra samferðamenn. Þá verða þau betur fær um að forgangsraða í lífi sínu sjálfum sér og öðrum til heilla,“ segir Hrafnhildur.

### Áhersla á einfaldar aðferðir til að efla sjálfsmynd

„Námskeiðin okkar kenna börnum einfaldar aðferðir til að efla sjálfsmynd sína og verða besta útgáfan af sjálfum sér. Meðal þess sem við gerum í tímum eru öndunaræfingar, jóga, slökun og hugleiðsla. Þá er auðvitað fræðsla og verkefni sem við notum til þess að efla einstaklinginn og sjálfsmynd hans,“ segja þær báðar. Aðspurðar um það hvort þetta efni eigi ekki vel við á tímum samfélagsmiðla og samanburðar segja þær: Jú algjörlega. Þegar álag, áreiti og samanburður er mikill skiptir öllu máli að vera með sterka sjálfsmynd og vita



hvar styrkleikar manns liggja. Að nota styrkleikajálfun með börnum sem mótvægi við snjalltækjanotkun er algjör snilld.

### Ungt fólk sem þekkir styrkleikana sína blómstrar

Á Selfossi er í boði námskeiðið Kátir krakkar fyrir börn í 2.-4. bekk og 5.-7. bekk. Í upphafi námskeiðsins fá foreldrar senda fræðslu þar sem Hrafnhildur og Unnur, eigendur Hugarfrelsis, fara vel yfir áherslur námskeiðsins og hvað gert er í hverjum tíma. Kennslan er 10 skipti alls og kennt er einu sinni í viku í húsnæði Rauða krossins Eyraveggi 23. Einnig hefur verið í boði námskeið fyrir unglunga. Í mars ætlum við að bjóða upp á í fyrsta sinn helgarnámskeiðið VELDU fyrir 13-16 ára. Við erum mjög spenntar fyrir því að geta komið til móts við þennan aldur með þessum hætti. Það er mikið í gangi hjá unglungum

og margir að æfa mikið. Á helgarnámskeiðinu verða kenndar aðferðir sem hjálpa ungmennum að efla sig og styrkja svo þau eigi auðveldara með allt það val sem þau standa frammi fyrir á hverjum degi. Ungt fólk sem þekkir styrkleika sína og hefur trú á eigin getu á auðveldara með að velja og blómstra í lífinu.

### Foreldrar mikilvægur hlekkur

„Foreldrar fá líka vikulega sendan tölvupóst þar sem tilgreint er hvað gert er í tíma vikunnar og hvað hægt er að gera heima með börnunum milli tíma. Bestur árangur næst þegar foreldrar taka virkan þátt heima til dæmis með því að lesa hugleiðslusögur fyrir börn sín eða minna þau á að velja að vera jákvæð og hafa trú á eigin getu. Námskeiðið er því bæði fyrir börnin og foreldra þeirra,“ segja þær stóllar að lokum. -gpp

## Þorrablot Ölfusinga 2020

Hið árlega þorrablot í Ölfusi, Blótið í sveitinni, verður haldið í Básnum, Efstalandi laugardaginn 25. janúar nk. Grín og glens verður í boði þorrablotsnefndar og veislustjórans Hjartar Benediktssonar. Hljóm sveitin „Blek og byttur“ heldur uppi fjöri fram á nótt. Húsið opnað kl. 19.00 og borðhald hefst stundvíslega kl.20.00 Allir velkomnir!

Miðapantanir og nánari upplýsingar hjá Helgu í Kjarri: 846 9776 eða á [kjarr@islandia.is](mailto:kjarr@islandia.is)

## Maður vanur smíðavinnu óskast

Óskum eftir að ráða smíð eða mann vanan smíðavinnu í 100% starf. Góð verkefnastaða.

Allar frekari upplýsingar gefur Ari í síma 770 7900 eða í tölvupósti [ari.sig@3c.is](mailto:ari.sig@3c.is)

## ML hlýtur samfélagsstyrk Landsbankans 2019

Umhverfisnefnd ML og Bláskógaskóli á Laugarvatni hlutu nú í desember 250.000 kr. samfélagsstyrk frá Landsbankanum fyrir verkefnið „Vistheimt á Langamel“. Það ætti að duga okkur til að kaupa áburð, fræ, plöntur og annað þarft til tveggja ára. Við erum mjög þakklát fyrir styrkinn, enda er verkefnið mjög þarft.

### Markmið að gera skólann eins umhverfisvæn og auðið er

Umhverfisnefnd Menntaskólans að Laugarvatni samstendur af nemendum og starfsfólki skólans sem fundar einu sinni í mánuði með það markmið að gera skólann og starf hans eins umhverfisvæn og auðið er. Verkefni nefndarinnar eru mörg, en eitt af þeim er að vinna að vistheimt á Langamel, svæði í hlíðum Laugarvatnsfjalls. Við höfum verið að vinna með Landvernd að vistheimt á svæðinu síðan árið 2016 og hafa nemendur sett upp tilraunareiti til að meta hvaða uppgræðsluáferðir henta á svæðinu. Við höfum séð að svæðinu er að hraka og varð okkur sérstaklega um vorið 2018, þar sem mosa-breiðurnar í kringum melinn voru orðnar svartar og dauðar á norðurhlíðinni. Við sáum á einum vetri hvernig melurinn stækkaði og berjalandið í kring eyddist upp. Nefndin hafði samband við Skógrækt ríkisins og Grunnskóla Bláskógabyggðar á Laugarvatni um að ráðast í stórtækar aðgerðir næstu árin. Nemendur okkar munu bera áburð, fræ og plöntur í svæðið og læra í leiðinni um mikilvægi uppgræðslu. Í framtíðinni sjáum við fyrir okkur að þarna myndist skógur með gönguleiðum

um Helgadalinn og að gamlir nemendur komi þangað og sjái ávöxt erfiðis síns.

### Margir lagt hönd á plóg

Síðastliðið vor fengum við 100.000 kr. styrk frá sveitarfélaginu okkar til að byrja verkefnið. Við keyptum fyrir það 300 kg af áburði, 15 kg af grasblöndu til landgræðslu og 10 kg af hvítmárafræjum. Skógræktin lagði til 600 birkiplöntur og grunnskólinn fékk gefins 300 birkiplöntur úr Yrkjusjóði. Við tókum fyrir hluta af svæðinu innan girðingar, þar sem svæðið er beitt fyrir utan girðinguna. Það svæði er norðanlega á melnum og ætti að þjóna sem fræbanki fyrir svæðið sem er utan girðingar. Þrátt fyrir mjög þurr sumar var árangurinn mjög góður. Nemendur í jarðfræði mátu sem svo að nú væri þekja gróðurs á svæðinu komin í um 54%, miðað við um 11% áður.

Við ætlum að reyna að fá bændur á svæðinu til að koma og henda ónýtum rúllum á svæðið til að stöðva vindrof, svo við þyrftum að geta boðið þeim að borga eldsneyti. Nemendur munu safna birkiþræi og sá yfir svæðið og næsta vor ætlum við að stækka aðgerðarsvæðið okkar. Við finnum fyrir miklum stuðningi í samfélaginu og fengum við hjálp bæjarbúa til að ljúka við aðgerðirnar í vor. Við sjáum fyrir okkur að nemendur grunnskólans vinna með svæðið á vorin. Nemendur menntaskólans vinna svo á svæðinu á haustin. Þetta verkefni mun standa næstu árin þar til svæðið er orðið sjálfbært.

Heiða Gehringer, kennari og formaður umhverfisnefndar ML. Millifyrirsagnir eru blaðsins.



### Tarzanleikur í Rangárþingi eystra

Ungmennaráð Rangárþings eystra stóð fyrir Tarzanleik í íþróttahúsinu á Hvolsvelli þann 27. desember síðastliðinn.

Tarzanleikur gengur út á það að þeir sem leika hann eru Tarzan og berjast í gegnum frumskóginn til að komast heim, eða ná endamarki. Ekki má koma við gólfíð og eru notaðar dýnur, kaðlar, grindur, boltar og í raun hvað sem er til að stikla á yfir íþróttasalinn. Allir eru í brautinni í einu en ef þú stígur á gólfíð þarftu að byrja aftur á byrjunarreit.

Leikurinn þjálfar bæði líkamlega getu og hugann því leikurinn gengur út á að finna hagkvæmstu og fljótlegustu leiðina yfir brautina.

Fjöldmargir krakkar mættu og skemmtu sér konunglega í íþróttahúsinu á Hvolsvelli milli jóla og nýárs.

Auk þess að standa fyrir viðburðum fyrir ungmenni er til-

gangur ungmennaráðs að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu, skapa ungmennum vettvang til að koma skoðunum sínum á framfæri og efla umfjöllun sveitarfélagsins um málefni er tengjast ungu fólki.

Ungmennaráðið samanstendur af sjö ungmennum á aldrinum 15-25 ára og eru þau skipuð í ráðið af Hvolsskóla, Félagssmiðstöðinni Tvistinum, Félagssamtökum, íþróttafélögum og íþrótt- og æskulýðsfulltrúa. Skipað er í ráðið á hverju ári frá 1. október til 31. september á hvert.

Núverandi ráð skipa: Krístrún Ósk Baldursdóttir formaður, Oddur Helgi Ólafsson varaformaður, Valgerður Saskia Einarsdóttir ritari, Söldís Birta Magnúsdóttir, Þorsteinn Ragnar Guðnason, Eva María Þrastardóttir og Lovisa Karen Gylfadóttir.

### Nýja deildin við Leikskólann Árbæ á Selfossi heitir Sandvík

Skólastofan sem bætt verður við leikskólann Árbæ er nú í smíðum á Stokkseyri og er gert ráð fyrir að stofan verði tekin í notkun 1. mars næstkomandi, jafnvel fyrr ef vel gengur. Nýja deildin hefur fengið nafnið Sandvík en deildirnar sem fyrir eru í sumarhúsunum við Árbæ eru tvær í dag, Heiðarsund og Bátatjörn. Það er gaman að segja frá því að allt eru þetta örnefni í nágrenni leikskólans en Sandvík



er í Ölfusá. Aðrar deildir Árbæjar eru Kringlumýri, Stekkjarlækur, Kotatún og Fosskot.

### Argentínskur tangó á Selfossi

Miðvikudaginn 15. janúar hefst 6 vikna námskeið í argentínskum tangó á Selfossi. Kennar verður í félagsheimili Sleipnis í hesthúshverfinu. Kennari er Jóhannes Agnar Kristinsson.

Verð 18.000 kr. á mann. Allir velkomnir.

Upplýsingar í síma 892 1340.



### Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala  
482 2311 ☎ 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími



**BÓNFEDGAR**

Gagnheiði 51 - Selfossi  
Símar 482 2327 - 848 2327  
- Sækjum og skilum -

**Sprettur**  
**ÁBURÐUR**

Skeljungur  
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri  
GSM: 840 3009

**MERKINGAR**  
**LASERSKURÐUR**  
**FRÆSINGAR**  
**PRENTUN**

Kennslustofa 60  
SB SKILTAGERÐ  
Þorlákshöfn - Sími 483 1955 - www.sbskilti.is

**Jiibbiit**  
**Siggafærðir**

- Flutningapjónusta -  
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss  
Hella - Hvolsvöllur  
Sími 772 6010

**DFS.is**

Fáðu tilboð í auglýsingapakka í blaðið og á vefinn!

Sími 482 1944  
dfs@dfs.is

**FROST**  
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

**expert**  
**kæling**

Sími 660 2970  
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

**Slökkvitæki ehf**  
Hleðsla - Sala - Þjónusta  
Austurvegi 52 - Selfossi  
Sími 666 9990  
Verslum við litla manninn

**hádegis tilboð**

2ja rétta 3.490  
12:00-16:00  
**Hafid Blaa**  
restaurant with a view  
The Blue Sea  
hafidblaa.is • 483-1000  
hafidblaa@hafidblaa.is  
opið 12:00-21:00 alla daga

**Rétting og málun**

Vottað rétttingaverkstæði  
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi  
☎ 480 8020

**FYLGDI**  
Útfararpjónusta

Gisli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson  
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar  
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

**NÝTT**

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

**Josera**  
Gæludýrafóður

Fæst hjá  
**BYKO** Selfossi

**VÉLSMÍÐJA**  
**SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala  
Rennismiði  
Innréttingar  
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**Hjólbarðapjónusta**  
**Magnúsar**  
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

Hjólbarðar  
Smurpönnusta  
Betri vörur - betra verð

**Bilamerkingar**  
Strigaprentun  
**Fatamerkingar**  
Gluggafilmur  
Límmiðar  
Skiltagerð  
**Filmulausnir**  
og merkingar

Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299  
filmulausnir@filmulausnir.is Filmulausnir  
Opíó mánudaga til föstudaga frá kl. 9-17

**Bilasprautun - Bílaréttingar**  
Bílrúðuskípti

**Bilverk BA**  
- þar sem fagmennirnir vinna  
★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is